

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. mars 2017 breytingu á deiliskipulagi, Skógarhverfis, 2. áfanga, vegna Álmskóga 2 og 4.

Í breytingunni felst að færa bílastæði á lóð nr. 2 og auka byggingarmagn lóða úr 155 m² í 170 m², nýtingarhlutfall breytist úr 0,28 í 0,30 á lóð nr. 2 og úr 0,27 í 0,29 á lóð nr. 4 við Álmskóga.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. júní 2017.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2017